

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð Barnaheilla.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Rannsóknarsjóður Barnaheilla. Stofnandi er samtökin Barnaheill.

2. gr.

Tilgangur rannsóknarsjóðs Barnaheilla er að efla rannsóknir á högum íslenskra barna til að auka þekkingu okkar á aðstæðum barna og unglinga á Íslandi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem ekki má skerða, eru 550.000 kr. ákveðið á stjórnarfundi Barnaheilla 2. desember 1994. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hagnaður af tónleikum Barnaheilla.
2. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eigum sjóðsins.
3. Önnur framlög.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum til tveggja ára í senn og miðast skiptingin við landsþing Barnaheilla. Skulu þeir útnefndir af eftirtöldum aðilum, einn af hverjum: Úr stjórn Barnaheilla, fulltrúaráði Barnaheilla, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Formaður Barnaheilla er jafnframt sjálfskipaður formaður sjóðsstjórnar.

5. gr.

Starfssvið stjórnar er að meta umsóknir og veita úr sjóðnum í maímánuði hvers árs. Fyrst skal úthlutað úr sjóðnum 1995. Auglýsa skal í fjölmiðlum eftir styrkjum úr sjóðnum tveim mánuðum fyrir úthlutun.

6. gr.

Komi fram tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari skal boða til sjóðsstjórnarfundar og telst tillagan samþykkt, ef 2/3 stjórnarmanna greiða henni atkvæði. Stjórn Barnaheilla verður jafnframt að fjalla um tillöguna og telst hún samþykkt ef 2/3 stjórnarmanna Barnaheilla samþykkja tillöguna. Sama gildir, ef tillaga kemur fram um að leggja sjóðinn niður. Ef sjóðurinn er lagður niður skulu fjármunir hans renna óskiptir til Barnaheilla.

7. gr.

Stjórnin skal ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Veita má einstaklingum og félagasamtökum úr sjóðnum. Við styrkveitingar skal þess gætt, að höfuðstóll sjóðsins fari ekki niður fyrir upphæð stofnframlagsins að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsstjórnar samkvæmt markmiðum 2. gr. eru tekjur sjóðsins samkvæmt 1.–3. tölulið 3. gr.

8. gr.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur Barnaheilla.

9. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa að fenginni staðfestingu þessarar skipulagsskrár.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun,
skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 546/1993.**

1. gr.

Við 10. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. málsgrein svohljóðandi:

Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. mgr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 1.200.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 662/1994.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.